

Tillaga til 485. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. desember 2021

Tillaga frá 1178. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 29. nóvember 2021, um að bæjarstjórn samþykki uppfærða mannauðsstefnu Ísafjarðarbæjar.

3. Mannauðsstefna - uppfærsla á starfsmannastefnu - 2021110068

Lagt fram minnisblað Baldurs Inga Jónassonar, mannauðsstjóra, dags. 24. nóvember 2021, vegna fyrirhugaðrar uppfærslu á starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar, þar sem lagt er til að nafni stefnunnar verði breytt úr starfsmannastefnu í mannauðsstefnu. Aðrar breytingar sem lagðar eru til fela í sér að hlutverkslýsingu hefur verið bætt inn í stefnuna, auk þess sem nokkur atriði í henni hafa verið uppfærð og nokkrum bætt við.

Óskað er samþykktar bæjarstjórnar á breytingum á stefnunni, í samræmi við minnisblað mannauðsstjóra.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja uppfærða mannauðsstefnu.